

Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
220 Hafnarfjörður

Egilsstaðir, 20.6.2025
UOS2501698/F.Æ.
11.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 10. apríl 2025 – Benchmark Genetics Iceland hf.,
Vogavík ID 282**

Þann 10. apríl sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf., Vogavík í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Engar myndir voru teknar við útrásina árið 2022 en slíkar myndir á að taka tvisvar á ári.
Myndir fylgdu ársyfirlitum fyrir árin 2023 og 2024 og er frávikinu því lokað.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Við útreikninga á næringarefnalosun skal taka tillit til mismunandi rennslis í útrásum stöðvarinnar.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Fullnægjandi umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) vegna ársins 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Fullnægjandi umhverfisupplýsingum var skilað þann 30. október 2024 og er frávikinu því lokað.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur, teymi eftirlits

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri, teymi eftirlits